

Reyklosun

Í grein 167.1 í byggingarreglugerð nr. 441 /1998 segir:

„Hönnun reyklosunar (reykræstibúnaður og -kerfi) skal gerð í samræmi við leiðbeiningar eða reglur sem Brunamálastofnun ríkisins gefur út eða samkvæmt staðli sem stofnunin viðurkennir.“

Viðmiðanir:

- PrEN12101,1-5; Smoke and heat control system.
- Statens bygningstekniske etat; Vejledning for dimensjonering av termisk og mekanisk røykventilasjon (Melding HO-5/89).
- Statens bygningstekniske etat; Vejledning for brannvern av bygninger med overbygde gårder eller gater (BE melding H-1/88).
- MK6.00/014. Tagelementer með kort kollapstid.

Leiðbeining:

Reyklosun vegna eignaverndar:

Stærð og gerð reyklosunar má ákvarða með eftirfarandi hætti:

- 1) Fyrir hús með lítið brunaálag (minna en 400 MJ/m^2 gólfplatarmál) skal reyklosun vera a.m.k. 5% af gólfplatarmáli nema stærð reyklosunar sé sérstaklega rökstudd með öðrum hætti, sbr. lið 2-4.
- 2) Reyklosun er ákvörðuð skv. „Melding H-5/89“.
- 3) Reyklosun er ákvörðuð með viðurkenndum handreikniaðferðum, t.d. Tanaka-Yamana.
- 4) Reyklosun er ákvörðuð með tölvuútreikningum (t.d. Hazard). Gera skal grein fyrir forsendum og niðurstöðum á skilmerkilegan hátt.
- 5) Ávallt skal gerð sérstök grein fyrir reyklosun úr húsi með háu brunaálagi (meira en 400 MJ/m^2).

Reyklosun sem ætluð er til eignaverndar, t.d. til að verja burðarvirki, má vera úr auðbrennanlegum þakplötum sem er dreift jafnt á þakið. Útreiknað reyklosunarflatarmál telst almennt fullnægjandi ef útreiknað meðalhitastig reykklags miðað við raunhæfan hönnunarbruna er minna en $450 \text{ }^\circ\text{C}$. Einnig skal taka tillit til staðbundinna áhrifa bruna á burðarvirkið.

Reyklosun vegna öryggis fólks:

Stærð og gerð reyklosunar má ákvarða með eftirfarandi hætti:

- 1) Stærð og gerð reyklosunar skal miða við áætlaðan hönnunarbrunaferil í W eða kW. Gera skal grein fyrir áætluðum brunavaxtarhraða.
- 2) Stærð reyklosunar skal reiknuð út með heppilegu reiknilíkani.
- 3) Reyklosun sem ætlað er að auka öryggi fólks skal vera tengd brunaviðvörðunarkerfi og fara í gang við boð frá því.
- 4) Í rými sem er varið með sjálfvirku vatnsúðakerfi skal miða stærð reyklosunar við 5 MW hönnunarbruna.

Í húsnæði þar sem að jafnaði er ekki gerð krafa um sérstaka reyklosun skulu ávallt vera nægilega góðir opnunarmöguleikar til að slökkvilið geti með góðu móti reykræst viðkomandi húsnæði (sjá grein 81.5 í byggingarreglugerð).